

✉ Re: Umsagnarbeiðni

Búið til	18.11.2020 12:54:46
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	18.11.2020 12:54:46
Tilheyrir	📁 202011-0001 - Breytingar á starfsleyfi Arnarlax í Patreksfirði og Tálknafirði

Efni

Re: Umsagnarbeiðni

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	18.11.2020 12:54:46	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	tinna@skipulag.is
Cc	skipulag@skipulag.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202011-0001 (TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 30. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort breyting á skilyrðum í starfsleyfi Arnarlax í Patreksfirði og Tálknafirði kalli á að framkvæmdin sé matsskyld eða ekki.

Náttúrufræðistofnun skilur erindið með þeim hætti, þar sem leyfi til eldisins liggur fyrir, að það fjalli eingöngu um það hvort Arnarlax geti notast við nætur sem eru með ásætuvörn sem inniheldur koparoxíð og hvort sú notkun kalli á mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun lítur svo á að ákvörðun um það hvort heimila eigi notkun á koparoxíð eða ekki sé fyrst og fremst ákvörðun sem tengist starfsleyfum vegna rekstursins og á að vera á ábyrgð þeirra aðila sem sjá um veitingu starfsleyfa m.t.t. mengunar. Þeir aðilar sem veita leyfi samkvæmt framangreindu eiga að vita hvort óhætt sé að nota koparoxíð sem ásætuvörn eða ekki, þekkt aðferð, og að matsskylda sé ekki líkleg til að breyta miklu um upplýsingar hvað það varðar, þ.e. áhrif á lífríki. Í skýrslu Arnarlax segir: „ **Eins og komið hefur fram hefur notkun á koparlituðum eldisnótum ekki haft áhrif á magn kopars í botnseti í Arnarfirði og**

Því ólíklegt að notkun á koparlituðum eldisnótum muni hafa áhrif á botndýralíf í Patreksfirði og Tálknafirði umfram þau áhrif sem núverandi eldi hefur. Ef í ljós kemur að kopar er að safnast upp í botnseti vegna notkunar á koparoxíði í eldisnótum mun Arnarlax bregðast við með því að hætta notkun á koparoxíð sem ástætuvern eða færa eldiskvíar. Allar ákvarðanir verða teknar í samvinnu við Umhverfisstofnun og gerir Arnarlax ráð fyrir að Umhverfisstofnun muni setja viðmiðunarmörk kopars í uppfært starfsleyfi.“ Í fyrsta lagi verður að benda á að eldi hefur ekki verið stundað það lengi á þessum stöðum, þ.e síendurtekin notkun svæða um áratuga skeið, að líklegt sé að langtímaáhrif vegna notkunar koparoxíð séu komin fram. Auk þess er ekki að finna í greinargerð Arnarlaxs nákvæma lýsingu á vöktun og áhrifum á lífríki. Hvort ástæða sé til að bíða eftir því hvort áhrif af notkun koparoxíðs verði neikvæð eða ekki, ef áhrifin eru almennt þekkt, verður leyfisveitandi að meta. Í þessu sambandi er rétt að benda á að margoft hefur komið fram vilji um sjálfbæran eða vistvænan rekstur og einnig má benda á eftirfarandi greinar í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þ.e. 6. gr. um Almenna aðgæsluskyldu, 7. gr. um Meginsjónarmið við ákvarðanatöku, 8. gr. um Vísindalegan grundvöll ákvarðanatöku og 9. gr. um Varúðarregluna.

Niðurstaða:

Náttúrufræðistofnun telur ekki líklegt að mat á umhverfisáhrifum muni bæta við miklum upplýsingum, um áhrif á lífríki vegna notkunar á koparoxíðs, umfram það sem er þekkt og þeir aðilar sem hafa með veitingu starfsleyfa að gera, hvað snertir mengun, eiga að hafa nú þegar undir höndum. Þar við bætast þær upplýsingar sem þegar eru fyrir hendi um umrædd svæði m.a. úr mati á umhverfisáhrifum eldisins. Það á því að vera hægt að taka ákvörðun um hvort heimila eigin notkun koparoxíðs eða ekki á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og með hliðsjón af m.a. framangreindum greinum í lögum um náttúruvernd og lögum sem snúa að mengunarvörnum.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



From: "Tinna Jónsdóttir" <tinna@skipulag.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Umsagnarbeiðni
Date: 30.10.2020 15:13:38

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun vegna breytingar á starfsleyfi Arnarlax í Patreksfirði og Tálknafirði ásamt greinargerð. Frestur til að skila inn umsögnum er til 16. nóvember. n.k. Gögnin verða eingöngu send rafrænt í ljósi aðstæðna.

Með kveðju,

Tinna Jónsdóttir

Sérfræðingur, svið stefnumótunar og miðlunar / Specialist, Strategy and Communications

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

tinna@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)